



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Skólaráðsfundur 25.febrúar 2020 kl16:15

Mætt eru: Ari Björn, Vilborg, Svandís, Jóna Mist og Ágústa

Fundurinn fer fram í Gamla skóla

Fundargerð

Heilsueflandi skóli nemendur og öryggi

Farið yfir gátlista í heilsueflandi grunn- og leikskóla rætt um að gott væri að koma á eftirfarandi úrbætur :

- Halda námskeið fyrir nýtt starfsfólk á hverju hausti til að tryggja að nýtt starfsfólk sem byrjar á haustin þekki, stefnu, áætlanir og verkferla sem notaðir eru í skólanum (á öllum deildum)
- Tryggja að skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk færi fram annað hvert ár.
- Nemendur myndi vilja hafa meiri áhrif á matseðilinn í mötuneytinu. Fulltrúar nemenda nefna að það væri frábært að hafa salladbar og að það er mikil hakkmatur í boði. Eins mætti skoða að hafa grjónagraut og skyr og brauð til skiptis á föstudögum. Fundarmenn taka undir þessar ábendingar og við stefnum að því að hafa fund með matráði.
- Rætt um hugtakið lýðræði og hvernig það birtist í skólstarfinu.

Farið yfir kennsluáætlanir á heimsíðunni og fundarmenn skoða þær.

Skóladagatal umræður

Skólastjóri fer yfir dagatalið og skólaráð samþykkir það með fyrirvara um umræður meðal kennara og starfsfólks í leik- og grunnskólanum.

Skólahúsnæði

Hvernig væri draumhúsnæði undir skólann

Inngangur væri t.d. inn í skólann miðjan þar sem er góð og björt aðstaða í innganginn. Það væri gott svæði sem alrými. Þannig að þau þyrftu ekki að fara út úr húsnæðinu í tónlist, mat, og aðra kennslustundir

Er hægt að byggja einn skóla fyrir alla fyrir allar deildir? Ef skólinn á að vera sameinaður þá væri best að hafa eitt hús undir leik,- grunn, og listadeild.

Það væri gott að hafa góða hljóðvist og að gluggarnir leki ekki. Núna er truflandi að hafa kennslu á hljóðfæri á skólatíma eða í skólaseli. Aðstaðan í skólaseli er ekki góð.

Ef skólinn væri á þremur hæðum við Rauða skóla þá væri kannski hægt að hafa allan skólann við Rauða skóla. Annars væri t.d. hægt að byggja við leikskólann út á fótboltavöllinn

Nú er manneskja sem keyrir matnum á milli húsa

Önnur mál

Nemendur koma með þá hugmynd að hafa fjáröflunarkvöld: halda hæfileikakeppni, til að safna fyrir vatnsbrunni fyrir grunnskóladeild. Nemendaráð vill setja í forgang að vatnsbrunnar verði settir í nemendarymin og að það verði settur upp sallatbar í mötuneytinu.

Ábending frá nemendum: Kennarar mega vera strangari með símana.

Fundi slitið kl 18:00

Ritari: Skólastjóri